

# Starfsáætlun leikskólans

## Norðurbergs

2018-2019



## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðsluviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.



## Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur .....	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun .....	<u>8</u>
2.1 Innra mat leikskólans.....	<u>8</u>
2.2 Húsnæði og lóð.....	<u>8</u>
2.3 Ytra mat /umbótaáætlun .....	<u>8</u>
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	<u>9</u>
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	<u>9</u>
4. Starfsmannamál .....	<u>10</u>
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	<u>10</u>
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	<u>10</u>
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	<u>10</u>
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	<u>11</u>
5. Aðrar upplýsingar .....	<u>13</u>
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	<u>13</u>
5.2 Foreldrasamvinna.....	<u>13</u>
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla .....	<u>14</u>
5.4 Almennar upplýsingar .....	<u>14</u>
5.5 Áætlanir .....	<u>15</u>
Fylgirit.....	16

- Leikskóladagatal 2018-2019
- Umbótaáætlun úr starfsmannakönnun 2017
- Umbótaáætlun úr foreldrakönnun 2018
- Umsögn foreldraráðs v/starfsáætlunar

## 1. Inngangur

**Starfsárið 2017-2018** gekk ágætlega en það tók í starfsmannahaldið þar sem illa og seint gekk að ráða í allar stöður. Langvarandi veikindi nokkurra starfsmanna gerðu okkur að auki erfitt fyrir þar sem við höfðum ekki fullmannaðan leikskóla strax um haustið. En það komst jafnvægi á starfsmannamálin í mars og vorið hefur verið með besta móti og létti það álagið á öllu fólkinu. Í starfsmannasamtölum, sem voru tekin í maí og júní 2018, kemur fram að öllum líður vel og eru sáttir með liðið skólaár þrátt fyrir erfiða byrjun. Einnig kom fram almenn ánægja í starfi og að góður starfsandi ríki á vinnustaðnum og að samvinna, virðing og gleði séu ríkjandi. Starfsmenn eru stoltir af því að vinna á Norðurbergi og þykir vænt um vinnustaðinn sinn, samstarfsfélagi og börn. Þeir upplifa mikinn metnað starfsmanna fyrir faglegu starfi og góðum starfsanda. Einnig kom fram að vinnustaðurinn sem slíkur væri aðlaðandi og umhverfið fallett. Þessi sama ánægja kom fram í vinnustaðgreiningu sem Hafnarfjarðarbær lagði fyrir starfsmenn sína í nóvember 2017. Þrátt fyrir góða niðurstöðu í flestum þáttum þá settum við saman, allir starfsmenn, umbótaáætlun sem unnið er eftir og verður unnið eftir fram að næstu greiningu. Umbótaáætlunin tekur mest á því hvernig við getum minnkað almennt álag í daglegu starfi með börnunum. Sjá fylgiskjal.

Nýráðningar verða ekki margar á þessu hausti, mesta lagi tvær stöður í 1,30 % stöðugildi. Við misstum tvo leikskólakennara í önnur störf í vor. Ein fór í flugið og önnur réði sig í sérkennsludeild Setbergsskóla. Við vorum heppnar í ár! Við fengum inn leikskólakennara sem deildarstjóra. Leikskólakennara með langa reynslu sem deildarstjóri og hefur hún þegar hafið störf og fellur flott inn í hópinn.

Hér er almennt stöðugur starfsmannahópur, hópur sem hefur unnið lengi saman í leikskólanum. Meirihluti starfsmanna eru menntaðir leikskólakennarar, þroskaþjálfar, ein með aðra háskólamenntun og svo erum við með tryggja starfsmenn með ólíka menntun sem hafa unnið hér lengi og eru komnir með mikla reynslu í starfi.

Við verðum með einn starfsmann í meistaranámi á næsta skólaári og hefur hún þegar skrifað undir námssamning við bæjarfélagið. Hún verður í 90% stöðugildi samhliða námi.

Eftir **endurmat starfsmanna** á innra starfi leikskólans, á skipulagsdegi 28. maí 2018, voru teknar ákvarðanir um minniháttar breytingar á innra starfinu eftir liðið skólaár. Starfsmenn eru að öllu jöfnu ánægðir með sameiginleg verkefni leikskólans og starfið eins og það er og er stefnt að því að halda stefnunni og gera það vel. Minniháttar áherslubreytingar verða þó fyrir næsta skólaár sem farið verður vel yfir á deildarstjórafundi og starfsmannafundi í ágúst 2018.

**Helsta áherslan í vetur verður að** innleiða Vináttuverkefni Barnaheilla á allar deildar, að festa í sessi og þróa áfram aðferðafræði „Snemmtækrar íhlutunar í málörvun leikskólabarna“, að fylgja eftir vinnunni „gegn matarsóun“ og undirbúa starfsmenn fyrir náms- og kynnisferð til Brighton.

**Eftirfarandi kom fram hjá deildum, tekið úr endurmati og samtölum við starfsmenn:**

- Skólaárið hófst almennt vel, aðlögun milli deilda og aðlögun nýrra barna gekk ágætlega.

Mikil sátt er með þá breytingu á miðdeildunum að taka á móti færri nýjum börnum og á móti þeim börnum sem fyrir eru á deildinni. Einnig fundum við mikinn mun á því að deildarstjórar tóku stutt samtöl við alla foreldra sem voru að fylltja börnin milli deilda, þau voru öruggari og að sama skapi börnin.

- Varðandi aðlögun nýrra barna haustið 2017, þá fengum við ekki að fylla yngstu deildirnar af börnum. Við þurftum því að aðlaga börn eftir 1. febrúar 2018. Þetta skapaði óróleika hjá þeim börnum sem fyrir voru á deildunum og raskaði að hluta deildarstarfinu. Það er mikill léttir að núna í ár tökum við inn öll börn í haust, ein aðlögun.
- Foreldarsamtöl gengu almennt vel. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og starfsáætlun hans og líður vel með börnin sín í leikskólanum. Athugasemdir komu þó í sambandi við móttöku barna á morgnana, foreldrar upplifðu að starfsmenn væru uppteknir og að þeir tækju ekki nógu vel undir kveðju foreldris. Þetta var lagað strax eftir samtalið.
- Þá kom fram að gott væri ef Júlíana Vilhjálmsdóttir, sérkennslustjóri, myndi aðstoða deildir við að setja alla sér aukakennslu/málörvun af stað að hausti og þá með tilliti til að allt færi rétt af stað (t.d. myndrænt skipulag fyrir þau börn sem þess þurfa, aukalestur fyrir tvítyngdu börnin o.s.frv.). Júlíana mun fara í þetta frá mánaðarmótum ágúst/september og byrja á miðdeildunum og í Lundi.

#### **Breytingar í skóladagatali fyrir næsta skólaár:**

- **Litlar sem engar breytingar eru á skóladagatali 2018-2019.** Við gerðum ákveðnar breytingar á síðasta skólaári sem tókust einstaklega vel. Við fluttum viðburði frá laugardegi yfir á seinniparta og við það fylltist húsið af foreldrum, langflestir mættu á jólastund foreldrafélagsins og á sumarhátíð leikskólans. Þessir viðburðir höfðu hingað til verið á laugardegi, en vegna lélegrar þátttöku foreldra var tekin sú ákvörðun að færa þá yfir á seinnipart á föstudegi. Það var svo sannarlega rétt ákvörðun!
- **Fleiri breytingar verða ekki á skóladagatalinu,** enda búið að samþykkja það eins og það er. Við munum þó endurskoða fjölmennigarvikuna og hjóladaga, en athugasemdir komu frá starfsfólki um að taka þessa viðburði af skóladagatali fyrir 2019-2020.

#### **Í starfsáætlun fyrir 2017-2018 lögðum við sérstaka áherslu á eftirfarandi:**

- Gefa formlega út nýja **Skólanámskrá á skólaárinu 2017-2018.**
- Gefa út nýja **Starfsáætlun 1. júlí.**
- Gefa út nýtt **Skóladagatal vor 2018.**
- **Eftirfylgni, með áherslu á að festa í sessi,** aðferðafræði **Snemmtækrar íhlutunar í málörvun leikskólabarna.** Styðjast fyrst og fremst við nýútgefna handbók. Nýtt eftirfylgniteymi tekur til starfa, sem í sitja deildarstjórar, sérkennslustjóri og leikskólastjóri og mun það vinna áfram við við innlögn, þjálfun og eftirfylgni við verkefnið.
- **Innleiðing á Vináttuverkefni Barnaheilla, forvarnarverkefni þar sem unnið er markvisst gegn einelti í leikskóla.** Börnin í Lundi (tveir elstu árgangarnir) eru þegar farin af stað, en nú er ætlunin að innleiða verkefnið fyrir 3-4 ára börnin. Innleiðing hefst á þessu skólaári með námskeiði starfsmanna.
- **Þróunarverkefnið Læsi og stærðfræði** heldur áfram á næsta skólaári. Sama þróunarteymi, undir stjórn sérkennslustjóra, heldur utan um verkefnið.

- **Grænfánaverkefni frá janúar til apríl 2018.** Þar verður unnið með ákveðið þema sem grunn að því að fá nýjan fána sumarið 2018, á Sumarhátíð leikskólans. Umhverfisráð leikskólans, sem í sitja fulltrúar allra deilda, heldur utan um verkefnið og ber ábyrgð á framgangi þess og lokaskýrslu fyrir úttekt.
- **Undirbúningur að náms- og kynnisferð hefst í janúar 2018.** Ferðanefnd leikskólans sér um að halda utan um þá vinnu.
- **Innleiðing (framhald) á spjaldtölvum í starfi með börnunum.** Spjaldtölvunefnd, sem í sitja 4 starfsmenn undir stjórn aðstoðarleikskólastjóra, heldur áfram störfum og þróar áfram vinnuna sem farið var með af stað á haustið 2015.
- **Skipuleggja alla nefndarfundir fyrir skólaárið um haustið 2017.**

Okkur tókst ekki að gefa endanlega út Skólanámskránnu. Það er ekki mikið eftir, en við teljum okkur geta klárað þessa vinnu á næsta skólaári enda engin stór verkefni í gangi samhliða starfsáætlun leikskólans.

Útgáfa á starfsáætlun, skóladagtal og umbótaáætlun gekk eftir á réttum tíma fyrir sumarleyfi.

Eftirfylgni á þróunarverkefninu „Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna“ fór af stað um haustið. Nú er eftirfylgniteymið stjórnendateymi leikskólans og því auðveldara að framfylgja stefnunni og taka ábyrgð á réttum vinnubrögðum á deildum leikskólans.

Við tókum þá ákvörðun að sérstakt teymi þyrfti ekki lengur að starfa við innleiðingu á læsi og stærðfræði. Þessi vinna gengur vel og fellur að mestu undir Snemmtæka íhlutun í málörvun leikskólabarna.

**Innleiðing á vináttuverkefninu** gegn einelti hélt áfram og fóru nokkrir starfsmenn af miðdeildunum, Tröllgili og Álfasteini, á **Vináttunámskeið hjá Barnaheillum**. Við erum því enn í innleiðingiferli og verðum það á næstu misserum. Við stefnum að því að innleiðingu verði lokið í vor á miðdeildunum og þegar efnið verður tilbúið fyrir þau allra yngstu þá tökum við upp keflið þar. Við erum afskaplega þakklát og ánægð að hafa fengið tækifæri til þess að innleiða þetta fallega verkefni sem svo sannarlega bætir samskiptin milli barnanna ef rétt er haldið á spöðunum.

**Grænfánaverkefnið** gekk vel, við unnum útfrá þemanu „**gegn matarsóun**“. Vinnan gekk vel, við vorum öflug og settum okkur góð markmið sem skiluðu sér í minna magni af mat sem fór í moltun. Við lögðum mikla áherslu á að minnka skammtastærðir, fá sér frekar minna í einu og oftár á diskinn. Við hvöttum börnin til þess að klára matinn sinn og vorum við með myndrænt umbunarkerfi sem hvatti þau til dáða, við gáfum fuglum afganga, vorum með vigtunarvikur (þá voru matarafgangar vigtaðir), sendum kannanir og hvatningarbréf til foreldra og starfsmanna og umhverfisráð barna fundaði einu sinni í mánuði og ræddi matarsóunina. Við fengum síðan **nýjan fána á Sumarhátíð leikskólans, 1. júní**.

Við verðum áfram með **Spjaldtölvunefnd í leikskólanum**, en hún hefur haft yfirumsjón með nýju námsefni, hún uppfærir og sér til þess að allar spjaldtölvur séu í góðu lagi og kynnir nýtt kennsluefni fyrir starfsfólki.

Það má segja að liðið skólaár hafi svo sannarlega verið annasamt enda mörg stór verkefni í gangi. Það sem stóð hæst var nýr Grænfáni, sá áttundi, og erum við fyrsti leikskólinn til að fagna þeim áfanga. Einnig má segja að öll vinna í tengslum við Snemmtæka íhlutun í málörvun leikskólabarna hafi svo sannarlega gengið vel, það var auðvelt að setja skólann af stað um haustið, skýr vinnubrögð og skýrir verkferlar auðvelduðu okkur fyrir.

Við erum að fara rólega af stað með innleiðingu á **Vináttuverkefni Barnaheilla** og erum við sáttar með það. Engin ástæða til að fara hratt í þá vinnu.

Að lokum vil ég þakka mínum frábæru samstarfsfélögum, fyrir metnaðarfulla og faglega vinnu við uppeldi og menntun barna leikskólans. Hér á Norðurbergi er öflugt starfsfólk sem ætlar sér að láta verkefnin ganga upp með það að leiðarljósi að bæta líðan og þroska barnanna og styrkja faglega stöðu leikskólans. Það tókst svo sannarlega á liðnu ári.

Fyrir hönd starfsmanna leikskólans,  
Anna Borg Harðardóttir, leikskólastjóri

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.1 Innra mat leikskólans

- **Hvaða þættir leikskólastarfsins voru metnir?**

Starfsmenn deilda notuðu skipulagsdag í maí 2018 til þess að fara yfir alla starfsemi leikskólans. Farið var vel yfir dagskipulagið, það metið og niðurstöður lagðar fram. Sama var gert við skóladagatal leikskólans, farið var vel í hvern viðburð og sett í umræðu og sameiginleg ákvörðun tekin um breytingar fyrir næsta skólaár. Mat var gert á þróunarverkefni liðins vetrar bæði í Snemmtækri íhlutun ungra barna og Grænfánaverkefni gegn matarsóun.

- **Hvenær/ hve oft verður metið (skipulag matsins)?**

Stórt mat þar sem liðið skólaár er metið er einu sinni á ári, í maí. Einnig er starfið metið jafnóðum yfir veturinn; á deildarstjórafundum (einu sinni í viku), á starfsmannafundum/skipulagsdögum og deildarfundum (ca 12 sinnum yfir árið) og í þeim ráðum og nefndum sem eru starfandi í leikskólanum hverju sinni og að auki í daglegum samskiptum starfsmanna. Nefndir leikskólans eru: Skemmtinefnd; Eftirfylgniteymi vegna Snemmtæktrar íhlutunar í málörvun leikskólabarna; Spjaldtölvunefnd; Umhverfisráð; Ferðanefnd; Fundir þroskajálfa og sérkennslustjóra; Samráðsteymi; Umsjón með sjúkraskápum og fiskabúri.

- **Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta?**

Við notum heimagerðar matsaðferðir og styðjumst við skólanámsskrá, starfsáætlun, stefnur, áætlanir, dagskipulag og skóladagatal leikskólans.

- **Hverjir munu taka þátt í matinu?**

Allir starfsmenn taka þátt í mati á leikskólastarfinu. Við gerum það yfirleitt fyrst á deildum og svo færast umræðan yfir í starfsmannahópinn þar sem hver deild kynnir sínar niðurstöður og samþykkir allur starfsmannahópurinn síðan sameiginlegt endurmat, umbætur og nýbreytni.

### 2.2 Húsnæði og lóð

- Starfsmenn á Umhverfis- og framkvæmdarsviði ásamt leikskólastjóra fara einu sinni til tvisvar á ári yfir lóðina og húsið og skrá niður þær umbætur sem nauðsynlega þarf að gera. Í millitíðinni eru allir starfsmenn ábyrgir fyrir því að leiksvæði barnanna sé öruggt yfir daginn. Þörf á viðgerð er þá tilkynnt til leikskólastjóra. Við erum með einfalda skráningu á að lóðin sé í lagi, dag hvern, og er það í ábyrgð þess starfsmanns sem eru fyrstu út að renna yfir lóðina. Það verður málað í sumar á tveimur deildum og bekkir í fataklefum gerðir upp.
- Starfsmenn leikskólans eru virkir utandyra við að gera ýmsar skemmtilegar breytingar í lóðinni sem henta börnunum og gerir leikinn enn meira áhugaverðan. Að auki eru þeir iðnir við að hirða lóðina sjálfir, hreinsa illgresi, planta trjám og hanna einföld leiktæki fyrir börnin. Þetta á sérstaklega við leiksvæði elstu barnanna, í Lundi.

### 2.3 Ytra mat

Hafnarfjarðarbær lagði fyrir starfsmannakönnun í nóvember 2017 og Fræðslu- og frístundaþjónustan stóð fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúl síns í febrúar 2018. Við komum vel út úr þeim báðum en



settum umbótaáætlun úr starfsmannakönnuninni strax í gang en umbótaáætlun úr foreldrakönnuninni verður virkjuð í haust, sjá fylgiskjal.

Starfsmenn eru almennt ánægðir í vinnunni, líður vel, eiga góða vinnufélaga og sáttir með stefnu og strauma leikskólans. Þeir eru stoltir af vinnustaðnum og finnst þeir vera partur af honum

### 3. Áherslur í starfi leikskólans

#### 3.1 Áherslur leikskólans fyrir næsta skólaár 2018-2019 eru eftirfarandi:

- Gefa formlega út nýja **Skólanámskrá á skólaárinu 2018-2019.**
- Gefa út nýja **Starfsáætlun 1. júlí 2018.**
- Gefa út nýtt **Skóladagatal vor 2018.**
- **Vinna að heilindum út frá umbótaáætlun í starfsmannahaldi og í samskiptum við foreldra.**
- **Eftirfylgni og þróun með áherslu á að festa í sessi aðferðafræði **Snemmtækrar íhlutunar í málörvun leikskólabarna.** Styðjast fyrst og fremst við handbók leikskólans.**
- **TRAS skráningin, við ætlum að breyta fyrirkomulaginu í ár. Núna verðum við með stuttan fund með öllum foreldrum þegar við erum búin að skrá fyrstu skráningu á haustin. Sex mánuðum síðar gerum við nýja skráningu sem við tökum með okkur í árlegt foreldrasamtal. Þannig dreyfast foreldrasamtöl yfir skólaárið þar sem skráningar eru á 6 mánaða fresti fyrir öll börn frá 2,3 ára.**
- **Eftirfylgni verður á vinnunni gegn matarsóun og er það í verkahring Umhverfisráðs að sjá til þess að allir taki þátt.**
- **Innleiðing á Vináttuverkefni Barnaheilla, heldur áfram og nú á miðdeildum og vonandi förum við í gang með yngstu börnin en það fer allt eftir því hvort námsefnið verður tilbúið í vetur. Barnaheill er að vinna í þýðingum á efninu.**
- **Undirbúningur að náms- og kynnisferð til Brighton heldur áfram. Farið verður 1. maí – 5. maí 2019. Ferðanefnd leikskólans sér um þá vinnu.**
- **Skipuleggja alla nefndarfundi fyrir skólaárið um haustið 2018.**

## 4. Starfsmannamál

### 4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2018

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1,0	Leikskólakennaramenntun
Aðstoðarleikskólastjóri	1	0,75	Leikskólakennaramenntun
Sérkennslustjóri	1	0,80	Leikskólakennaramenntun og MA í sérkennslufræðum
Deildarstjórar/leikskólak.	6	6,0	Leikskólakennaramenntun (ein er auk þess með M.ed. í fjölmenningarfræðum)
Leikskólakennarar	8	7,15	Leikskólakennaramenntun
Þroskaþjálfarar	3	2,925	Þroskaþjálfamenntun
Leiðbeinandi A	1	1	Háskólamenntun
Leiðbeinendur	12	10,8625	Ýmis menntun: grunnskólapróf, stúdentspróf
Matreiðslumaður	1	1,0	Matreiðslupróf/MATVÍS
Aðstoð í eldhúsi	1	1,0	Grunnskólapróf, önnur menntun og reynsla

### 4.2 Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri skipulagði starfsmannasamtöl frá maí – júlí 2018. Viðtölin voru boðuð skriflega með nokkurra daga fyrirvara og fóru þau fram á skrifstofu aðstoðarleikskólastjóra. Samtölin eru ætluð til starfsþróunar, starfsmenn geta sett fram óskir um símenntun/fræðslu, í þeim er rætt um starfið í leikskólanum, hvernig starfsmanni gangi í starfi, um líðan starfsmanns og væntingar, um samstarf hans við samstarfsfélaga og samskipti við börn og foreldra þeirra. Eftir viðtölin tekur leikskólastjóri saman niðurstöður, vinnur úr þeim og leggur fyrst fyrir deildarstjóra og síðan starfsmenn leikskólans á starfsmannafundi í ágúst 2018.

### 4.3 Símenntun frá síðasta ári

Við lögðum áherslu á að starfsmenn nýttu sér þau tilboð sem **Fræðslu-og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar** bauð uppá fyrir skólaárið **2017-2018**. Þátttaka starfsmanna var mjög góð yfir skólaárið. Starfsmenn voru almennt ánægðir með það sem stóð til boða á liðnu skólaári. Námskeið sem starfsmenn sóttu voru eftirfarandi: Yoga-hugleiðsla, Heimspeki með börnum, Kvíði barna, Samspil svefns og steitu hjá ungum börnum, Lífsgildi yngstu börnin. Leikskólakennarar og þroskaþjálfarar sóttu að auki um að fara á nokkur námskeið sem eingöngu var í boði fyrir faglærða. Tveir deildarstjórar fóru á námsefniskynningu í Birmingham í mars 2018 og leikskólastjóri fór með

kollegum sínum á Leikur að læra í Alicante í júní 2018 .

**Við buðum uppá fræðslu fyrir alla starfsmenn:**

- **Gott fæði í leikskólum og fyrirmyndir barna við matarborðið - Ólöf Kristín Sívertsen Lýðheilsufræðingur**
- **Barnaheill með kynningu á Vináttuverkefninu gegn einelti í leikskóla – Margrét Júlía Rafnsdóttir.**
- **Val foreldra á fimm ára deild í sjálfstætt starfandi grunnskóla – Júlíana Vilhjálmsdóttir, sérkennslustjóri.**
- **Fyrirlestur um fjölmenningu/stuðningur við tvítyngd leikskólabörn – Krístrún Sigurjónsdóttir, kennsluráðgjafi.**
- **Starfsmenn kynntu í stuttu máli áhugaverð námskeið eins og: Íþrótt- og leikjaverkefni fyrir 2-7 ára, Svefn og heilsa leikskólabarna og sagt frá Lubbaráðstefnu.**
- **Einnig vorum við í starfsmannahópnum dugleg að kynna starfið okkar með því að taka á móti fjölda fólks úr öðrum leikskólum (innlendum), erlendum kennurum úr háskólum og leikskólum (erlendum). Við erum þá aðallega að segja frá umhverfisstefnu leikskólans. Einnig er kominn mikill áhugi á að kynna sér Snemmtæka íhlutun í málörvun leikskólabarna og höfum við verið með erindi á ráðstefnum og tekið á móti fólki í leikskólann.**

#### **4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum fyrir 2018- 2019:**

- Starfsmenn eru hvattir til að sækja námskeið á vegum **skrifstofu Fræðslu- og frístundasviðs Hafnarfjarðar 2018-2019.**
- Starfsmenn eru hvattir til að fylgjast sjálfir með námskeiðum á vegum EHI og óska eftir því við leikskólastjóra að sækja námskeið.
- Starfsmenn fara á námskeið Barnaheilla.
- Tónlistarnámskeið Barnaheilla.
- Áætluð er jafningjafræðsla milli deilda um innleiðingu á Barnaheillaverkefninu.
- Atferlisþjálfunarnámskeið.
- Vefnámskeið UT.
- Íslenski þroskalistinn.
- Kennarar í leikskólanum fara á **TRAS.**

- Hljóm-2
- Íslenskunámskeið á vegum Hafnarfjarðar.
- Nýjir starfsmenn fá kynningu og leiðbeiningu um aðferðafræðina Að næra hjartað. Leikskólastjóri, Anna Borg, sér um fræðsluna.
- Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fara á NAYEC-ráðstefnu í Washington í nóvember 2018.

## 5. Aðrar upplýsingar

### 5.1 Barnahópurinn 1. maí 2018

- Börnin voru 105 í leikskólanum.
- Stúlkurnar voru 50 og drengirnir 55.
- Dvalarstundir voru 1109 klst.
- Deildargildi 5,70.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki voru 6.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik voru 19 talsins (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, annað). Það voru aðallega börn með frávik í málþroska.
- Fjöldi barna með ofnæmi 5.
- Fjöldi barna með fæðuóþol voru 7 (mjólk, trefjar, appelsínur, baunir).
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku voru 16 talsins.
- Fjöldi tungumála, fyrir utan íslensku, voru 7.
- Þjóðerni forsjáraðila eru frá: Póllandi, USA, Perú, Kólombíu, Sri Lanka, Úkraínu, Danmörku, Kenýja, Fillipseyjum, Þýskalandi og Litháen.

### 5.2 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð:**

Foreldraráð samanstendur af þremur foreldrum sem sitja jafnframt í stjórn Foreldrafélagsins þar sem 7 fulltrúar foreldra sitja ásamt leikskólastjóra. Foreldraráð er kosið sérstaklega á aðalfundi félagsins sem er á haustin samkv. lögum félagsins. Foreldraráð fundar eftir þörfum, þ.e. þegar gögn berast frá leikskólanum til yfirlstrar og umræðu.

- **Foreldrafélag:**

Foreldrafélag er starfsrækt í leikskólanum og er kosið í stjórn þess, sjö fulltrúar, á aðalfundi félagsins haust hvert samkv. lögum félagsins. Kosið er til tveggja ára setu. Stjórn Foreldrafélagsins hittist nokkrum sinnum á ári.

Foreldrafélagið sér um nokkra viðburði á ári fyrir utan skólatíma. Hefð er fyrir brúðuleikshússýningu í nóvember/desember. Félagið stendur fyrir jólastund í leikskólanum í byrjun aðventu. Húsið er þá opið í tvo tíma og boðið uppá saft, kaffi og piparkökur. Í boði fyrir alla er að skreyta mandarínur með negulnögglum og skrautborða. Einnig stendur félagið straum af kostnaði á jólasveini á jólaball leikskólans. Að vori stendur félagið yfirleitt fyrir fræðslu til foreldra og greiðir fyrir rútu vegna sumarferðar leikskólans að vori eða í byrjun sumars. Í ár var boðið upp á fræðslu um svefnvenjur barna.

- **Foreldrafundir/foreldrasamskipti:**

Foreldrafundir á vegum leikskólans eru einu sinni á ári á haustin þar sem farið er yfir starfsáætlun leikskólans og starfsemi deildanna á komandi skólaári. Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti við foreldra dagsdaglega. Til að kynnast foreldrum enn frekar en á fundum, þá bjóðum við þeim upp á reglubundna samveru yfir árið (sjá skóladagatalið). Þeim

er boðið í „Vinagöngu“ í nóvember, í „Jólaakó og piparkökur“ í desember, í nónhressingu á „Degi leikskólanna“ í febrúar og á Sumarhátíð í júní. Það er alltaf heitt á könnunni, í morgunsárið, í Lundi, svo foreldrar geti staldrað við og spjallað.

- **Foreldrasamtöl:**

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, stutt samtal eftir TRAS skráningu og lengra samtal sex mánuðum síðar. Þá eru foreldrar boðaðir skriflega með ákveðinni dagsetningu og tíma í samtal. Fagfólk leikskólans ber ábyrgð á samtölunum og taka þau ásamt reynslumeiri starfsmönnum. Foreldrar eða deildarstjórar geta óskað eftir fleiri samtölum ef þurfa þykir á skólaárinu.

### 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

**Samvinna milli Víðistaðaskóla í Engidal og Norðurbergs er í föstum skorðum og hefur verið það til margra ára. Það má segja að samvinnan hafi styrkst og aukist til muna eftir að við unnum saman að umsókn um Grænfánann veturinn 2002-2003.**

- Áætlun vetrarins er unnin á haustin þegar leikskólakennarar elstu barna leikskólans og kennarar fyrstu bekkjar grunnskólans hittast og gera grófa áætlun um samstarfið á komandi vetri.
- **Áætlun fyrir 2018-2019 verður líklega eftirfarandi (birt með fyrirvara):**
- **Október:** Skólaheimasókn í Víðistaðaskóla í Engidal og fyrsti bekkur kemur í heimsókn á gömlu deildina sína í Lundi.
- **Nóvember:** Dagur íslenskrar tungu, 4. bekkur í Víðistaðaskóla í Engidal kemur í leikskólann og les upp ljóð og sögur fyrir börn leikskólans. Samsöngur í lok samveru.
- **Desember:** Elstu börnum leikskólans er boðið í helgileik Víðistaðaskóla í Engidal.
- **Janúar:** Heimsókn elstu barnanna í bókasafnið í Víðistaðaskóla í Engidal.
- **Febrúar:** Heimsókn elstu barnanna í Víðistaðaskóla í Engidal þar sem aðstoðarskólalastjóri tekur á móti hópnum og sýnir þeim skólann.
- **Mars:** Leikjadagur í Víðistaðaskóla í Engidal. Einnig er farið í bekkjarheimsókn og tekið þátt í kennslustundum fram að hádegismat. Börnin dreifast á bekkjardeildir.
- **Júní:** 1. bekkur úr Víðistaðaskóla í Engidal kemur í heimsókn.
  
- **Endurmat: Öll samskipti við Víðistaðaskóla í Engidal eru ágæt en þó mættu kennarar þar sýna meiri ábyrgð á þessari sameiginlegu starfsáætlun. Samvinnan mætti vera meiri þ.e. sameiginlegar ákvarðanir teknar á sameiginlegum fundum.**

### 5.4 Almennar upplýsingar

- Sameiginlegir skipulagsdagar á næsta skólaári með grunnskólum Hafnarfjarðar eru eftirfarandi:

**9/11 2018 - 22/2 2018 og 28/5 2018**

**2/5-3/5 eru skipulagsdagar á Norðurbergi, starfmenn í Brighton.**

## 5.5 Áætlanir

Eftirfarandi áætlanir eru á heimasíðu leikskólans :

[Starfsáætlun 2018-2019](#)

[Starfsáætlun 2017-2018](#)

[Verkefnaáætlun leikskólans 2017-2018](#)

[Starfsáætlun 2016-2017](#)

[Starfsáætlun 2015-2016](#)

[Verkefnaáætlun leikskólans 2015-2016](#)

[Starfsáætlun 2014-2015](#)

[Símenntunaráætlun 2015](#)

[Starfsaðferðir leikskólans í útikennslu](#)

### **Aðrar áætlanir:**

[Móttökuáætlun 2017](#)

[Informacje dla rodziców 2012](#)

[Information for parents 2012](#)

[Starfsaðferðir leikskólans við kynferðisofbeldi á börnum](#)

[Starfsaðferðir leikskólans við ofbeldi á börnum](#)

[Áætlun gegn einelti 2012](#)

[Áfallaáætlun 2010](#)

[Rýmingaráætlun 2010](#)

[Slysa- og brunaverkferlar 2010](#)

[Röskun á skólastarfi vegna óveðurs](#)

[Viðbragðsáætlun vegna öskufalls 2010](#)

[Viðbragðsáætlun almannavarna 2009](#)

**Fylgirit:**

- Leikskóladagatal 2018-2019
- Umbótaáætlun úr starfsmannakönnun 2017
- Umbótaáætlun úr foreldrakönnun 2018
- Umsögn foreldraráðs v/starfsáætlunar

Hafnarfirði 2. Júlí 2018

Anna Borg Harðardóttir

---

Leikskólastjóri